

Fundaragerð aðalfundar Veiðifélags Laxdæla haldinn í Leifsbúð 28. maí 2021 kl. 20

Eftirtaldir aðilar sátu fundinn og greiddu atkvæði

Jörð: Mætt Eigendur Umboð Greiðir atkvæði fyrir jörðina

Fjósar: Dalabyggð

Hrappsstaðir: X Svavar Jensson - Alvilda Þóra Elísdóttir

Hjarðarholt: Björk Baldursdóttir - Ágúst Pétursson

Spágilsstaðir: X Gísli Þórðarson - Ingibjörg Eypórsdóttir

Goddastaðir: X Ársæll Þórðarson

Lambastaðir: X Einar Kristjánsson

Gillastaðir 1: Skúli Jónsson

Gillastaðir 2: Jón Ægisson

Sámsstaðir 1: X Sigurður Eyjólfsson - Jón Steinar Eyjólfsson

Sámsstaðir 2: X Sigurður Eyjólfsson

Sámsstaðir 3: X Jón Steinar Eyjólfsson

Hamrar: Helgi I Jónsson - Magnús Jónsson - Guðlaug Jóhannsdóttir

Svalhöfði: Elsa Gísladóttir

Sólheimar 1: X SBH1 ehf

Sólheimar 2: X SBH1 ehf

Pálssel: X Ása Gísladóttir

Lambeyrar: X Dön ehf

Dönustaðir: Fjöldi fólks

Gröf: Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir – Katarínus Jón Jónsson

Svarfhóll: X Harald Óskar Haraldsson

Engihlíð: X Harald Óskar Haraldsson

Prándargil: XXXX Veiðifélag Laxdæla

Leiðólfsstaðir: X Bjarni Hermannsson –

Unnsteinn Kristinn Hermannsson

Hornstaðir: X Ása Gísladóttir

Höskuldsstaðir: X Höska ehf Þórey Þórisdóttir

- Monica Backmann

Sauðhús: X Jón Egilsson - Sigurborg Valdimarsdóttir

Saurar: X Jófríður Benediktsdóttir

Ás: X Systkinin frá Ási

X Pálmi Jóhannsson

X Svavar Jensson

X Ingibjörg Eypórsdóttir

X Gísli Þórðarson

X Ársæll

Þórðarson

X Einar

Kristjánsson

X Skúli Einarsson

X Sigurður Eyjólfsson

X Sigurður Eyjólfsson

X Jón Steinar Eyjólfsson

X Ólafur Sveinsson

X Skúli Einarsson

X Katarínus Jón Jónsson

X Harald Óskar Haraldsson

X Harald Óskar Haraldsson

X Bjarni

Hermannsson

X Ólafur Sveinsson

X Harald Ó Haraldsson

X Jón Egilsson

X Sæmundur Jóhannsson

28 jarðir

20 mættir

Alls 28 jarðir, 20 atkvæði gild á fundinum

Gengið var til dagskrár

1. Setning fundarins

Formaður Jón Steinar Eyjólfsson setti fund.

2. Skipan fundarstjóra og fundarritara, fundurinn verður hljóðritaður til þæginda fyrir fundarritara.

Lagt var til að fundarstjóri yrði Sveinn Gestsson, sem var samþykkt samhljóða og að Ólafur Sveinsson ritari og var það samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar og umræður um hana. Formaður Jón Steinar Eyjólfsson flutti skýrslu stjórnar.

Starfsemi VL var með hefðbundnum hætti á síðasta ári. Covid setti strik í alla reikninga og þetta var fordæmalaust ár. Veiðin var um 850 laxar sem er aðeins undir meðallagi en þrátt fyrir Covid og enga erlenda veiðimenn náði leigutakinn að selja meirihlutan í fyrra sem verður að teljast gott á þessum fordæmalausum tímum.

Samningur við Hreggnasa rennur út á næsta ári og hefur stjórnin fundað nokkuð oft með stjórn Hreggnasa í vetur og vor og náð að okkur finnst þeim árangri að rétt sé að halda áfram með þá vinnu. Nýjasta tilboð Hreggnasa hljóðar uppá 8m hækkun á næsta ári og rúmlega 2m hækkun á ári næstu 7 ár eftir það. Næsti samningur myndi byrja í 50m og enda í 63m árið 2029. Þetta er ca 4% hækkun á ári. 8m hækkunin er reyndar bundin því að við færum í breytingar á húsinu.

Einnig hefur stjórnin verið í viðræðum við eigendur Sólheima um vatnsmiðlun úr Laxárvatni en því miður hefur fjarað undan því máli.

Arkþing hefur gert tillögur að breytingum á veiðihúsinu og höfum við undirritaður og Ólafur Sveinsson setið nokkra fundi með þeim.

Við hlutum úthlutun úr Fiskiræktarsjóði til veiðistaðagerðar uppá 750 þúsund. Við sendum landeigendum fyrirspurn í vetur um hugmyndir að veiðistöðum og það má segja að svörin hafi verið öll á eina lund: Engin.

Síðsumars var rafveitt í Sámstaðaá, Hólmavatnsá. Laxalæk, Skeggjagili og á vanalegum stöðum í Laxá. Fiskifræðingarnir voru nokkuð ánægðir með árangurinn nema í Hólmavatnsá þar hefur urriðinn líklega étið öll seiðin. Það hefur verið rætt að skipta rannsóknunum þannig að hliðarárnar verði skoðaðar annað eða þriðja hvert ár því þessu fylgir töluvert umstang og kostnaður. Í haust voru kreistir nokkrir laxar og hrognin grafin í Sámstaðaá.

Höldum áfram að hampa ánni okkar, góðar stundir.

4. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar og umræður um þá.

Lagðir voru fram ársreikningar, sem Sæmundur Jóhannsson gjaldkeri kynnti. Heildartekjur voru rúmlega 39 mkr, samanborið við tæpar 42 mkr árið áður, munurinn skýrist af greiðslu frá Vegagerðinni v/girðinga. Reksrargjöld 13,8 mkr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði var tæpar 25,2 mkr. fjármagnsliðir voru jákvæðir um 2 þús. kr. og arðgreiðslur til eigenda 20 mkr. Rekstrarniðurstaða ársins var rúmlega 317 þús. kr. Fastafjármunir voru tæpar 38 mkr og veltufjármunir rúmlega 5,2 mkr. samtals voru eignir tæpar 50 mkr.

Eigið fé var 49,5 mkr, engar langtímaskuldir og skammtímaskuldir rúmar 400 þús. kr. Ítarleg sundurliðun á kostnaðaðarliðum fylgdi ársreikningi, sem félagsmenn fengu sendan og lá frami á fundinum.

Reikningar voru samþykktir mótatkvæðalaust

5. Rekstraráætlun fyrir árið 2022 og umræður um hana

Sæmundur Jóhannsson kynnti rekstraráætlun fyrir árið 2022 og var hún svohljóðandi:

Rekstraráætlun Veiðifélags Laxdæla 2022

Tekjur	Áætlun 2021
Veiðileyfasala Laxá.	39.000.000
Arður v. Þrándarkots	800.000
Frestun á leigu 2020 v/ Covit	1.800.000
Aðrar tekjur	500.000
Tekjur alls	42,100,000

Gjöld	
Útgreiddur arður	15.000.000
Laun og launatengd gjöld	2.300.000
Húsnæðiskostnaður	4.000.000
Viðhald húsnæðis	3.000.000
Hönnunarkostnaður	2.250.000
Fiskirækt og rannsóknir	1.200.000
Kostnaður vegna arðskrár	5.000.000
Árgjöld til landssambanda	450.000

Lögfræðikostnaður	0
Annar rekstrarkostnaður	1.500.000
Fyrningar	650.000
Kostnaðaráætlun við gerð laxastiga	0
Lagt inná banka til næsta árs.	6.750.000
Gjöld alls	42.100.000

Þóknun til stjórnar og önnur laun:

Fundarkaup formanns pr fund	16.000
Fundarkaup stjórnarmanna pr fund	11.000
Þóknun til formanns pr mán	30.000
Þóknun til gjaldkera pr mán	10.000
Þóknun til skoðunarmanna hvors um sig	30.000
V/akstrurs formanns pr mán	5.000

	5.000
V/aksturs gjalkera pr mán	5.000
V/aksturs ritara pr mán	10.000
V/ aksturs umsjónarmanns veiðihúss pr.mán	3.750
Laun fyrir þrif, viðhald girðinga ofl pr/ klst	
Nýgírðingar skulu unnar skv. vegagerðartaxta	
Gröfuvinnu og tætingu skal greiða sér	

Lagt fram á aðalfundi Veiðifélags Laxdæla 2021

Greidd voru atkvæði um fjárhagsáætlunina og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

6. Kosningar

Úr stjórn gengur Sæmundur Jóhannsson, kosið er um sætið til 3ja ára. Kosning varamanns, tveggja aðalendurskoðanda og eins til vara og fulltrúa á fund Landsambands Veiðifélaga.

Tillaga kom fram um að Pálmi Jóhannsson yrði aðalmaður. Einnig kom fram tillaga um Einar Kristjánsson og var því kosið. Niðurstaða kosningar var að Pálmi fékk 15 atkvæði og Einar 4, 1 seðill var auður.

Fram kom tillaga um Katarínus Jón Jónsson sem varamann og var hún samþykkt.

Endurskoðendur voru kjörnir Ársæll Þórðarson og Þórarinn Gunnarsson, til vara Skúli Einarsson.

Jón Steinar Eyjólfsson var kjörinn fulltrúi á fund Landssambands veiðifélaga og Jón Egilsson til vara.

7. Kaffihlé

8. Veiðistaðir

Jón Steinar saðgi að það væri stefna stjórnar að fjölga veiðistöðum í ánni.

Veiðifélagið kosti veiðistaði, en landeigendur kosti veiðivegi.

Skúli spurði hvort fleiri veiðistaðir hækki leigutekjur fyrir ánni.

Bjarni Hermannsson sagðist vera sammála fjölgun veiðistaða. Jón Egilsson bennti á að fleiri veiðistaðir minnki álagið á stóru veiðistöðunum.

Spurt var um hvernig kostnaður skiptist beggja vegna ár. Svarið var að kostnaður skiptist jafnt á milli aðila.

Spurt var hvað áin bæri marga veiðistaði, svarað var að sums staðar væri langt á milli veiðistaða.

9. Arðskránefnd (Matsnefnd um lax – og silungsveiði)

Búið er að skipta arðskránefnd

Nefndin er búin að kalla eftir gögnum Óljóst er um verklok. Í nefdninni sitja:

Jónas Þór Guðmundsson, Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Guðjón Ármannsson.

Skúli bað um að skýrslu um veiði verði dreift á hverju ári. Honum var bent á að þær væru aðgengilega á netinu.

10. Leigutakar

Ýmsar athuganir hafa verið gerðar á endurnýjum húss með það að markmiði að auka veg Laxár sem mest og gera hana að einni eftirsóttustu ár landsins þannig að eftir framkvæmdir yrðu tekjur á stöng 15 milljón krá á ári. Forsendur þess að þetta gengi upp er vatnsmiðlun.

Leigutaka, Hreggnasa var kynnt málið og reyndust þeir ekki hafa áhuga.. Leigutakar voru til í að bjóða 4% hækkun á ári í 7 ár, eingreiðsluhækkun vegna framkvæmda, þannig að 50 mkr. leiga færi í 63 mkr árið 2029.

Formaður kallaði eftir afstöðu landeiganda til þessa. Skúla fannst 4% hækkun á ári ekki ásættanleg í svona mörg á, það yrði að vera trygging. Bjarni sagðist vera

sammála ef samningurinn yrði gengistryggður. Skúli spurði hversu hátt hlutfall veiðimanna væru erlendir. Svarið var að stjórn hefur ekki upplýsingar um það. Formaður sagði að ef áin ætti að fara í útboð yrði það að gerast með góðum fyrirvara.

11. Skipulag

Formaður fór yfir þá valkosti sem stjórn hefur rætt í endurbótum á veiðihúsi. Tillögur hafa verið unnar af Arkþing arkitektastofu. Valkostirnir væru 3, að stækka núverandi hús, að byggja nýtt hús, að byggja nýtt eldhús, stækka setu- og borðstofu og lagfæra og betrubæta húsið í heild sinni. Eftir nokkrar umræður var það niðurstaðan að vinna með hugmyndina um Byggingu eldhúss og bæta aðstöðuna. Stjórn fékk heimild til að halda áfram með þá tillögu og hefja framkvæmdir.

12. Önnur mál

Formaður bað menn um að senda sér breytt netföng. Einnig tilkynnti hann að hreinsunardagur yrði 5. júní kl. 10
Bjarni lagði til að jörðin Þrándarkot yrði seld.
Skúli sagði að það ætti að selja ef gott verð fengist fyrir jörðina.

Fundarstjóri sleit síðan fundi kl. 10.